

ÍSLE3CR – ritlist

Áfanginn er valáfangi í íslensku. Hann er á þriðja hæfniprepi.

Forkröfur: ÍSLE2AB eða ÍSLE2BB

Í áfanganum þjálfast nemendur í ritun ólíkra gerða ritsmiða. Mest áhersla er lögð á listræn skrif, bæði í lausu og bundnu máli, en einnig er fengist við að skrifa nytjatexta af ýmsu tagi. Þá fá nemendur þjálfun í að búa texta sína til birtingar, bæði á prenti og rafrænt.

Áfanginn er að hluta til í formi ritsmiðju þar sem nemendur lesa texta félaga sinna og fjalla um þá á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt svo hægt sé að betrumbæta þá smátt og smátt. Mikil áhersla er lögð á ferlið frá hugmynd til fullbúins texta.

Áfanginn er próflaus. Þess vegna eru strangar reglur um mætingu og ástundun. Námsmat byggist á vinnu og framförum nemenda á önninni og á verkefnaskilum. Krafist er virkni og þátttöku alla önnina.